

Mál nr. 110/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging sjómanna.****Heiti vátryggingartaka (X)****Slysahugtak vátryggingaréttar. Skyndilegur utanaðkomandi atburður.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 19. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir frá V, 29. apríl 2025., ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í bréfi til nefndarinnar, dags. 18. mars 2025, sem fylgdi með málskoti er frá því greint að 23. júlí 2020 hafi M slasast við vinnu sína sem sjómaður um borð í skipi X. Er málsatvikum þannig lýst að M hafi í umrætt sinn verið að lása úr hlera sem hafi legið skakkur. Hafi M fengið hnykk á öxlina þar sem hann hafi þurft að treyja sig óeðlilega langt eftir dauðaleggnum. Þá kemur fram að 16. ágúst hafi M hafi greint yfirmönnum sínum um borð frá atvikinu. Hafi það þá verið skráð í skipsdagbók, en farist hafi fyrir af hálfu X að tilkynna slysið til Sjúkrátrygginga Íslands og V.

Í bréfinu er síðan tekið fram að M hafi lent í öðru og alvarlegra vinnuslysi um borð í sama skipi 28. nóvember 2020. Hafi það slys bæði verið tilkynnt til Sjúkrátrygginga Íslands og V.

M byggir á því að V hafi í júní mánuði 2021 verið send gögn sem einungis hafi varðað slysið 23. júlí 2020. Er í því sambandi bent á að í tölvupósti til V, dags. 21. júní 2021, segir m.a. eftirfarandi: „Þarna er áverki á öxl í júlí 2020, en það er þá sér mál og bótaréttur. Er að biðja útgerð um að senda inn tilkynningu, en ég var kominn með ljósrít úr dagbók.“ Er síðan tekið fram að engin viðbrögð eða athugasemdir vegna framangreinds hafi borist frá V. Gagnaöflun vegna beggja slysanna hafi síðan verið haldið áfram og hafi V verið send matsbeiðni, dags. 24. júní 2022, ásamt gögnum til yfirferðar.

Í málinu liggur m.a. fyrir matsgerð, dags. 20. janúar 2023, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að M hafi orðið fyrir 5 stiga varanlegum miska af völdum slyssins 23. júlí 2020.

M krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda úr slysátryggingu sjómanna hjá V. Í framangreindu bréfi til nefndarinnar er að finna ítarleg rök fyrir þeirri kröfu.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 29. apríl 2025, kemur í fyrsta lagi fram að félagið telur að meiðsli þau sem M varð fyrir 23. júlí 2020 verði ekki rakin til slyss í skilningi slysátryggingar sjómanna. Færir V ítarleg rök máli sínu til stuðnings. Í öðru lagi byggir V á því, með vísan í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga að jafnvel þó fallist yrði á að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi tryggingarinnar, þá sé mögulegur bótaréttur hans fallinn niður. Færir V einnig ítarleg rök því til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr m.a. að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir við störf sín 23. júlí 2020 teljist vera af völdum slyss í skilningu slysátryggingar sjómanna hjá V. Í þeim skilmálum sem giltu um trygginguna er hugtakið slys þannig skilgreint: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“

Með því skilyrði að líkamstjónið verði rakið til utanaðkomandi atburðar er átt við atburð sem felur í sér frávík frá þeirri atburðarás sem tjónþoli mátti reikna með miðað við það sem venja er við þær aðstæður sem uppi eru. Í skipsdagbók 16. ágúst 2020 er að finna eftirfarandi atvikalýsingu: „Kl. 23:30 kom [M] og lét vita af því að hann hafi meitt sig lítillega á hægri öxl þann 23. júlí. Var [M] að lása úr hlera. Hleri situr ekki almennilega heldur liggur aftur eftir. [M] þarf að teygja sig mjög langt og við átak fékk hann verk í hægri öxl. Er hann búinn að vera með verk í öxlinni síðan þá. [M] var ekki frá vinnu.“

Þó ekki verði séð að ágreiningur sé um framangreinda lýsingu á atvikinu, telur V engu að síður að ekki sé um bótaskyld atvik að ræða þar sem hér hafi einfaldlega verið um væg álagsmeiðsl að ræða sem ekki verði rakin til utanaðkomandi atburðar í skilningi slyshugtaks slysatryggingar sjómanna.

Nefndin telur að það að M hafi í umrætt sinn þurft að teygja sig mjög langt til að lása úr hleranum, hafi falið í sér frávik frá þeirri atburðarás sem almennt mátti reikna með miðað við það verk sem honum var ætlað að vinna. Því sé um að ræða líkamstjón M af völdum skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi framangreinds slyshugtaks og því bótaréttur til staðar úr slysatryggingu sjómanna. Í þessu sambandi bendir nefndin einnig á að V hefur ekki lagt fram nein gögn sem gætu sýnt fram á að tjón M megi rekja til sjúkdóms eða annars innra ástands í líkama hans.

Auk framangreinds ágreinings byggir V á því að jafnvel þó fallist yrði á að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi tryggingarinnar, þá sé mögulegur bótaréttur hans fallinn niður þar sem hvorki hafi verið gerð krafa um bætur til V áður en ár var liðið frá því að M fékk vitneskju um atvik að baki kröfu sinni, né hafi V borist tilkynning um vátryggingaratburðinn með öðrum hætti. Vísað V í 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga máli sínu til stuðnings.

Eins og nefnt var í umfjöllun um málsatvik að framan fékk V sendan tölvupóst 21. júní 2021 þar sem m.a. var að finna tilvísun í niðurstöðu úr myndrannsóknnum 2020 sem virðist hafa fylgt með tölvupóstinum. Þá kemur einnig fram í tölvupóstinum að M hafi orðið fyrir áverka á öxl í júlí 2020 og að þar sé um að ræða sér mál og bótarétt, eins og það er orðað. Í fyrirbyggjandi myndrannsókn, dags. 23. október 2020, kemur m.a. fram að M hafi fengið slink á hægri öxl og háls í júlí 2020. Nefndin telur að við móttöku framangreindra gagna teljist V hafa borist tilkynning um vátryggingaratburðinn sbr. 1. mgr. 124. gr. Nefndin fellst því ekki á þau rök V að hugsanlegur bótaréttur M hafi fallið niður.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V vegna afleiðinga vinnuslyss 23. júlí 2020.

Reykjavík, 10. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Margrét Arnheiður Jónsdóttir